

Ársskýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Sleipnis árið 2018

Æskulýðsnefndin er skipuð eftirfarandi einstaklingum: Hrönn Bjarnadóttir, Linda Rut Ragnarsdóttir, Tone Marit Torgeirsdóttir, Valborg Tryggvadóttir, Guðrún Linda Björgvinsdóttir og Guðrún Lovísa Ólafsdóttir.

Vetrarstarfið

Kynningarfundur á fyrirhuguðu vetrarstarfi Æskulýðsnefndar Sleipnis var haldinn þann 10. janúar 2018 í félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi, Hliðskjálfi. Meðlimir Æskulýðsnefndar kynntu sig og farið var yfir fyrirhugaða dagskrá komandi vetrar. Fulltrúi frá Fræðslunefnd kom og kynnti námskeið sem þar voru í boði hjá þeim. Magnús Ólason, formaður Sleipnis, sagði frá styrk sem Jötunn vélar veita því ungmenni sem sýnir snyrtilega reiðmennsku og framkomu. Þessi styrkur hefur verið veittur einu sinni áður.

Ágætis mæting var á fundinn sem lauk svo með pizzapartýi.

Reiðnámskeið

Boðið var upp á tvenns konar reiðnámskeið í upphafi vetrar, Almenn námskeið og svo Keppisnámskeið. Námskeiðin hófust 29. og 30. janúar og voru haldin einu sinni í viku í Reiðhöll Sleipnis. Kennarar voru á mánudögum frá kl. 17-22 og á þriðjudögum frá kl. 17-21.

Almenna námskeiðið stóð yfir í 8 vikur og var áhersla lögð á leiki og þrautir í bland við fræðslu. Kennari var Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir og var þátttakendum, 26 talsins, kennt í 4 hópum.

Keppisnámskeiðið var upphaflega sett upp sem 6 vikna tímabil en svo var bætt við 2 skiptum þar sem krakkarnir fengu leiðbeiningar úti á hringvelli. Kennari var Ragnhildur Haraldsdóttir og þátttakendur voru 15.

Í mars var, í samstarfi við tvo nemendur á 3. ári á Hestabraut Fsu, haldið verklegt og bóklegt helgarnámskeið samtals 4 skipti (2 helgar). Hvert skipti hófst á bóklegum tíma, 1 klukkustund og svo fylgdi verklegur reiðtími inni í reiðhöll í kjölfarið, 1 klukkustund. Nemendum var skipt í 2 hópa 7-9 ára nemendur saman og 10-12 ára nemendur saman. Samtals voru 10 börn á

Þessu námskeiði. Þetta verkefni var hluti af lokaverkefni Fsu nemanna og tókst frábærlega vel.

Einn seinnipart í mars, frá kl. 18-20, var nemendum boðið að koma og æfa jafnvægi sitt á hestbaki, gera svokallaðar sætisæfingar. Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir, reiðkennari sá um kennsluna sem fór fram í reiðhöllinni og meðlimir Æskulýðsnefndar útveguðu hesta og sáu um að hringteyma þá á meðan nemendur gerðu alls kyns jafnvægisæfingar á baki.

Um mánaðamótin apríl/maí var boðið upp á framhald af Almennu reiðnámskeiðunum (vornámskeið), samtals 4 vikur. Fjöldi þátttakenda var 23 og kennt var í 3 hópum frá kl. 17-20. Kennari var Áslaug Fjóla Guðmundsd.

Opið hús

Opið hús var haldið tvisvar sinnum yfir veturinn frá kl. 18-20 og þá komu börnin með spil og máttu hafa með sér drykk og snarl (snakk, popp eða ávexti). Þessir viðburðir voru ekkert sérstaklega vel sóttir (börn nefndarmeðlima Æskulýðsnefndar og nokkrir aðrir :-)

Hestafjör 2018

Þessi hátíðisdagur var haldinn laugardaginn 28. apríl en æfingar hófust tæpum hálfum mánuði fyrr. Haldnar voru 5 æfingar sem stóðu yfir í u.þ.b. 45 mínútur í senn og svo Generalprufa kvöldið fyrir sýningu. Krakkarnir sem komu fram í Hestafjöri 2018 voru 30, á aldrinum 3ja ára upp í 13 ára og var börnum í nágretta Hestamannafélögunum Ljúf og Háfeta boðið að vera með. Kennari/þjálfari var Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir. Sýningaratriðin á Hestafjöri eru margvísleg, Í upphafi dagskrár er fánareid sem nemendur af Hestabraut Fsu sjá um. Svo heldur formaður hestamannafélagsins stutt ávarp áður en dagskráin hefst. Svo rúlla atriðin hvert á fætur öðru, yngsti aldurshópurinn fyrst og svo koll af kolli, allir klæddir búningum af ýmsum toga. Síðasta sýningaratriði fyrir hlé var Töltskvísur Sleipnis þar sem 40 konur frá hestamannafélaginu Sleipni sýndu tilkomumikla munstur-reið. Í hléinu voru seldar veitingar og rann innkoman til Æskulýðsnefndar. Í hléi skellti Æskulýðsnefndin upp þrautabraut í Reiðhöllinni og í fyrsta atriði eftir hlé var þátttakendum skipt í 2 lið sem áttu að leysa ýmsar þrautir á og með hestum sínum. Þátttakendur í þessu atriði voru 12. Dagskránni lauk

með tónlistaratriði og pylsupartíi í boði Æskulýðsnefndar og Sláturfélags Suðurlands sem gaf pylsurnar. Margir hjálpuðust að við að gera þennan dag sem skemmtilegastan; sýnendur, kennarar/þjálfarar, þulurinn, tæknimaðurinn, Æskulýðsnefnd o.fl. Skemmtilegur dagur og vel heppnaður í alla staði.

1. maí á Selfossi

Hefð er fyrir því að Æskulýðsnefnd útvegi ríðandi fánabera sem fara fyrir 1. maí kröfugöngu verkalýðsfélaganna á Selfossi og bjóði síðan börnum á bak að loknu kaffisamsæti. Í þetta skipti voru fánaberarnir þrír og fyrir göngunni fór Malin Widarson sem ók í hestvagni sínum frá húsakynnum verkalýðsfélaganna að Hótel Selfossi þar sem ræðuhöld og kaffiboð fór fram. Æskulýðsnefndin bauð síðan gestum að koma í Reiðhöll Sleipnis þar sem meðlimir nefndarinnar teymdu undir börnum frá kl. 12:30 - 14:30. Teymt var á 5 hestum í einu.

Óvissuferð

Á uppstigningardag var farið í hina árlegu Óvissuferð í yndislegu veðri. Lagt var af stað með rútu kl. 9:00 frá Hliðskjálfi á Selfossi. Þátttakendur voru 29 börn og 13 fullorðnir. Fyrsti viðkomustaður var að Hellum í Landsveit. Þar voru skoðaðir hellar og er sá stærsti þeirra lengsti manngerði hellir á Íslandi. Næsti viðkomustaður var að Efri-Rauðalæk þar sem hestamaðurinn Guðmundur F. Björgvinsson var heimsóttur. Þar var borðað nesti og Guðmundur sýndi okkur hesthúsið sitt og hestana og sagði okkur frá sjálfum sér. Því næst lá leiðin að Skeiðvöllum þar sem mæðgurnar Lisbeth Sæmundsson og Katrín Ó. Sigurðardóttir tóku á móti okkur, sýndu okkur hesthúsið sitt og spjölluðu við okkur. Einnig sýndi Lisbeth okkur hvað hún hefur kennt hestinum sínum af skemmtilegum hlýðniæfingum. Hádegismatinn borðuðum við í Rangárhöllinni. Þar voru grillaðar pylsur og börnin léku sér frjálst úti og inni. Því næst fórum við austur á Hvolsvöll í Lava center. Um kl. 16 fórum við í sund á Hellu því að sundferðir eru ómissandi í svona ferðalögum. Daginn enduðum við svo á hamborgaraveislu í félagsheimili okkar hestamanna á Selfossi.

Prautabraut

Þann 14. maí setti Æskulýðsnefndin upp þrautabraut og bauð börnum og unglingum að koma og leika sér í henni einhvern tíman frá kl. 18-19:30.

Sameiginlegur fjölskyldureiðtúr Sleipnis, Ljúfs og Háfeta

Laugardaginn 2. júní var farið í sameiginlegan fjölskyldureiðtúr í nágrenni Selfoss, riðinn var svokallaður Uppsalahringur. Lagt var af stað kl. 13:30 frá reiðhöllinni og riðin reiðgata í austurátt meðfram Suðurlandsveginum. Eftir smá stund var beygt heim að bænum Uppsölum og þar var borðað nesti og áð í u.þ.b. hálf tíma. Síðan var riðinn slóði sem liggur frá Uppsölum í Flóahreppi að Sölvholti og þaðan reiðveginn meðfram Gaulverjabæjarvegi og aftur á Selfoss. Eftir reiðtúrin hittist mannskapurinn í reiðhöllinni og þar voru grillaðar pylsur og börnin léku sér. Mjög vel heppnaður reiðtúr í góðu veðri.

17. júní

Æskulýðsnefnd Sleipnis sér um að teyma undir börnum þennan dag í reiðhöllinni frá kl. 10-12 og að útvega fánabera fyrir skróðgönguna. Þessi viðburður er mjög vinsæll hjá börnunum og yfirleitt fullt út úr dyrum allan tímann. Að þessu sinni var teymt undir á 5 hestum en aðeins tókst að útvega einn fánabera en hann var engu að síður glæsilegur fulltrúi okkar Sleipnismanna og -kvenna.

Uppskeruhátíð

Einn viðburður er enn eftir á þessu starfsári en það er Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Sleipnis sem verður haldin í október. Þar eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku á námskeiðum vetrarins, komið saman og spjallað og borðað saman.

Til viðbótar við ofangreind verkefni sáu meðlimir Æskulýðsnefndar reglulega um að telja flöskur sem safnað er í dósagáma í hesthúsahverfinu og voru með veitingasölu á folaldasýningu Flóahrepps og á páskatölmóti hestamannafélagsins Sleipnis í Ölfushöllinni.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sleipnis,
Hrönn Bjarnadóttir